

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 9. janúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1141. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Álfabakki 12 - USK23120090 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi í versluanarhúsnæði í rými 0101 á lóð nr. 12 við Álfabakka. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Álfabakki 6 - USK23120088 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080045 þannig að innra skipulagi í rými 0104 er breytt í verslun á lóð nr. 6 við Álfabakka. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
3. Barónsstígur 4 - USK23110246 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, innréttá vörulager, stækka lagersvæði og snyrtingu og starfmannaaðstöðu í verslun við Barónsstíg 4, mhl.03, á lóð nr. 2-4 við Barónsstíg. Erindi fylgir ódagsett umboð lóðarhaf og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 9. desember 1997. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. Bauganes 29A - USK23110275 Sótt er um leyfi fyrir breytingum á stofnerindi BN037233 með því að breyta innanhúss og færa bílastæði og sorp í húsi nr. 29A við Bauganes. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags.4.janúar 2024, samþykki lóðarhafa 17.okt.2023. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Bergstaðastræti 81 - USK23120165 Sótt er um leyfi til að breyta aðkomu við fjölbýlishús á lóð nr. 81 við Bergstaðastræti. Erindi fylgir skjal sem sýnir fordæmi og lóðaruppdráttur dags. 5. maí 2015. Gjald kr. 15.400. Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. Borgartún 5 - USK24010066 Tilkynt er um framkvæmd sem felst í að koma fyrir einingahúsi þar sem starfrækt verður neyslurými á lóð nr. 5 við Borgartún. Stærð: 118,4 ferm. Erindi fylgir uppdráttur áritaður af lóðarhafa. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
7. Brautarholt 6 - USK23110194 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060766 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi og útliti er breytt á 1. hæð og á 2. hæð er m.a. herbergjum fækkað, hurðir færðar og fyrirkomulagi eldhúsa breytt í húsi á lóð nr. 6 við Brautarholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. febrúar 2023.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Lagfæra skráningu.

8. Breiðhöfði 15 - USK23090058 Sótt er um leyfi til að byggja 3-7 hæða fjölbýlishús og bílakjallara með 111 íbúðum á lóð nr. 15 við Breiðhöfða.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023. og vísað til athugasemda.
9. Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata 21 - BN060119 Sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbennti steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara m.a. helst stoðrymi og tengingangur, á fyrstu hæð eru m.a. eldhús, skrifstofa, salur og stoðrymi, á annarri hæð er salur og stoðrymi, fyrir 2 starfsmenn, 28 gesti á fyrstu hæð og 70 gesti á annarri hæð, kirkjan er á tveimur hæðum, í kjallara og aðkomuhæð eru salir og stoðrymi fyrir að hámarki 250 manns í húsi á lóð nr. 21-23 við Mýrargötu.  
Stærð: 1.029,8 ferm., 6.915,5 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar kirkju dags. 14. október 2021 og safnaðarheimilis dags. 2. desember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 22. október 2021.  
Erindi fylgir breyttur lóðaruppdráttur dags. 28. febrúar 2022 og afrit uppdráttar af breyttu deiliskipulagi auglýst í B-deild stjórnartíðindum þann 25. febrúar 2022.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna snyrtinga dags. 17. mars 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2022.  
Gjald kr. 12.100.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Dalaland 16 - USK23120035 Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í kjallara ásamt því að breyta mörkum eigna í kjallara fjölbýlishúss nr. 4 á lóð nr. 1-16 við Dalaland.  
Erindi fylgir breytingarskjal.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Dugguvogur 13-15 - BN060854 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem innréttuð hefur verið íbúð á 2. hæð í húsi á lóð nr. 13-15 við Dugguvog.  
Umsögn skipulagsfulltrúa 14. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 12.600.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Dunhagi 5 - USK23080262 Sótt er um leyfi til að byggja hálfopið reiðhjólaskýli úr stáli og timbri á bílastæðum norðaustan við hús á lóð nr. 5 við Dunhaga.  
Stærð: 56,7 ferm. og 141,8 rúmm.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. Eirhöfði 1 - USK23120133 Sótt er um leyfi til breyta erindi USK23020319 og byggja tvö steinsteypt fjölbýlishús til viðbótar, með fimm stigahúsum og 67 íbúðum þannig að íbúðir verða samtals 139, á áður gerðum bílakjallara með 88 stæðum sem verður 2. áfangi uppbyggingar á lóð nr. 1 við Eirhöfða.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2023.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Samtals á lóð eftir stækkun: 19.869,9 ferm., 58.957,5 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Elliðaárdalur - USK23100208 Sótt er um leyfi til að byggja gönguleið sem samanstendur af tveimur brúm og áningarstað á milli þeirra, byggt á grunni gamals hitaveitustokks yfir Elliðaárnar í krikanum milli Miklubrautar og Reykjanesbrautar. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 fylgir erindi. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023.
15. Fitjar - USK23100332 Sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar á 3. hæð húss lóð nr 7 við Leiruveg(Fitjar). Fyrir breytingu: 809,9 ferm., 2,265,1 rúmm. Eftir breytingu: 849,4 ferm., 2.385,4 rúmm. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Freyjubrunnur 33 - USK23100082 Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á íbúð 0101 í húsi nr. 33 við Freyjubrunn. Erindi fylgir samþykki allra meðeigenda dags. 30. september 2023. Gjald kr. 14.500. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010 Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Grensásvegur 14 - USK23100198 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. I tegund c fyrir 15 gesti í mhl. 01 rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 14 við Grensásveg. Jafnframt er sambærilegt erindi BN061816 samþykkt 7. mars 2023 fellt úr gildi. Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. mars 2023. Gjald kr. 14.500. Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
18. Grundargerði 28A - USK23120145 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN057455 þannig að gluggum á jarðhæð er breytt, skyggni yfir stigapalli fellt burt ásamt því að minnka geymslu undir stiga og breyta eignarhaldi á lóð nr. 28A við Grundargerði Errindi fylgir samþykki meðeiganda og yfirlit breytinga Gjald kr. 15.400. Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Haukahlíð 1 - USK23100093 Sótt er um leyfi til að breyta útfærslu á hliði í undirgöngum á áður samþykktu erindi í húsi nr. 1 við Haukahlíð. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 fylgir erindi. Gjald kr. 14.500. Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023.

20. Hraunteigur 4 - USK23110193 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulag kjallara í fjöbýlishúss á lóð nr. 4 við Hraunteig.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Háaleitisbraut 64 - USK23120216 Sótt er um stöðuleyfi til eins árs fyrir færanlegt torgsöluhús fyrir Pikkaló, sem er snalldreifikerfi sem tengir matvöruverslanir við kældar sjálfsafgreiðslustöðvar, á lóð nr. 64 við Háaleitisbraut.  
Erindi fylgir umsögn Borgarhönnunar ódagsett.  
Gjald kl 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
22. Hátún 8 - USK23060096 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og gera gat í burðarvegg milli stofu og eldhúss í íbúð 0902 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Hátún.  
Erindi fylgir samþykki sumra meðeigenda í húsi dags. 25. apríl 2022 og uppfært samþykki dags. 27. nóvember 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. Hólmaslóð 8 - USK23090305 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar húss á lóð nr. 8 við Hólmaslóð  
Erindi fylgja breytingarskjöl og skýrsla brunahönnuðar dags. 21. nóvember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Iðunnarbrunnur 1 - USK23110304 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í parhúsi á lóð nr. 1 við Iðunnarbrunn.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. í september 2009 og lóðaruppdráttur dags. 28. febrúar 2020.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. Kolagata 3 - USK23120167 Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0103 í Kolagötu 3, mhl. 04 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. Koparsléttu 4 - USK23090097 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061725, þannig að innra skipulagi er breytt og gerð er gryfja undir hluta skúrs, mhl.11, á lóð nr. 4 við Koparsléttu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. nóvember 2022.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Kringlan 4-12 - USK23070261 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastaðnum Finnsson á 3. hæð í húsi á lóð nr. 4-12 við Kringluna.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
28. Kringlan 8-12 - USK23110042 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3.hæð, innrétta veitingastað í flokki II teg. A innrétta verslunarrými , ásamt millilofti tilheyrandi veitingastað. í mhl. 03 á lóð nr 8-12 við Kringluna.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. Lambhagavegur 12 - USK23110263 Sótt er um að breyta erindi USK23080234 á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 23. júlí 2008, yfirlit breytinga og teikningaskrá.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt.Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
30. Langholtsvegur 47 - USK23110043 Sótt er um leyfi til að byggja timabundið atvinnuhúsnæði úr gámaeiningum á lóð nr. 47 við Langholtsveg.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa þar sem ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með fyrirvara um samþykkt deiliskipulagsbreytingar.  
Erindi fylgir lóðaruppráttur dag. 19. febrúar 2019  
Stærð: 32,9 ferm., 70,8 rúmm.  
Gjald kr 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. Laugarásvegur 57 - USK23080046 Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð á austurgafli og til að gera dyr út í garð úr stofu kjallara fjölbýlishúss á lóð nr.57 við Laugarásveg.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Laugavegur 170 - USK23100047 Sótt er um leyfi til að byggja 2. áfanga Hekluareits, þriggja til sjö hæða fjölbýlishús með 105 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Laugavegi, á tveggja hæða kjallara með 80 bílastæðum á lóð nr. 170 við Laugaveg.  
Erindi fylgir greinargerð hljóðhönnuðar dags. 29. september 2023 og greinargerð VSÓ um akstursferla í bílakjallara dags. 3. janúar 2024.  
Stærð, A-rými: 14.811,7 ferm., B-rými: 750,7 ferm.  
Samtals: 15.562,4 ferm., 49.478 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögdum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

33. Lundahólar 5 - USK23110119 Sótt er um leyfi til að byggja mhl. 02 með aukaíbúð við suðurhlíð og byggja sólskála á svalir einbýlishúss á lóð nr. 5 við Lundahóla. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023 fylgir erindi.  
Mhl. 02: 44 ferm., 145,2 rúmm.  
Sólskáli: xx ferm., xx rúmm.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2023.
34. Lyngháls 1 - USK23080167 Sótt er um leyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lyngháls. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október sl. fylgir erindi. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2023 fylgir erindi.  
Stærðir: 172,0 ferm., xxx,x rúmm  
Gjald kr. 14.000.  
Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dag. 19.12.2023.
35. Lækjargata 8 - USK23120089 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 8 við Lækjargötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
36. Miðtún 78 - USK23110214 Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á lóð nr. 78 við Miðtún.  
Stærð: 32,8 ferm., 90,2 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
37. Nethylur 3 - USK23110249 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059503 þannig að innra skipulagi er breytt, milligólfi fyrir skrifstofur er komið fyrir í vesturenda húss nr. 3, inngangi er breytt með því að stækka tengibyggingu, glugga- og hurðasetningu er breytt til að bæta flóttaleiðir og nýjum svölum komið fyrir á vesturgafli verslunarhúss við Nethyl 3 og 3A á lóð nr. 3 við Nethyl.  
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð frá Öruggh ehf um brunavarnir dags. 15. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Rofabær 32 - USK23120163 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059436 með því að breyta innra skipulagi í kirkju á lóð nr. 32 við Rofabæ.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Saltvík - USK23060111 Sótt er um leyfi til að byggja nýtt eggjahús úr forsteyptum einingum sem verður mhl. 30 á lóðinni Saltvík.  
Stærð: 1.684,7 ferm., 8.108,9 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 1. júní 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
40. Skeifan 13A - USK23120219 Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám í 12 mánuði á lóð nr. 13A við Skeifuna.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 08. desember 2023.  
Gjald kr.15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

41. Skipholt 19 - USK23110167 Sótt er um leyfi til að gera breytingar á eldhúsi og innrétta rými sem áður var geymsla á veitingastað í flokki 2 í húsi nr. 19 við Skipholt.  
Gjald kr.14.500.. USK23110167  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
42. Skipholt 50B - USK23090205 Sótt er um leyf til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 50B við Skipholti Gjald kr. 14.500.. USK23090205  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
43. Skólavörðustígur 19 - USK23110226 Sótt er um leyfi til að lækka gólf 1. hæðar á lóð nr. 19 við skólavörðustíg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stærð:  
Fyrir breytingu: Kjallari 196,9 rúmm. 1.hæð 475,8 rúmm.  
Eftir breytingu: Kjallari 193,9 rúmm. 1.hæð 478,8 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
44. Skúlagata 26 - USK23070249 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús, 3-6 hæðir með 27 íbúðum á áður gerðum þriggja hæða kjallara og verður 2. áfangi byggingar á lóð nr. 26 við Skúlagötu.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 23. október 2018, brunahönnun frá Örugg dags. 24. september 2023, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 21. nóvember 2023, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett.  
Stærð: 5.401,1 ferm., 17.361,8 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
45. Skúlagata 28 - USK23120075 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059660 v/lokaúttektar á viðbyggingu við hús á lóð nr. 28 við Skúlagötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
46. Skúlagata 30 - Niðurrif - USK23120074 Sótt er um leyfi til að fjarlægja byggingarhluta ofan botnplötu 1. hæðar atvinnuhúss á lóð nr. 30 við Skúlagötu.  
Erindi fylgir bréf um losunarstuðul byggingarhluta sem fjarlægðir eru dags. 11. desember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
47. Skútuvogur 1A - USK23120105 Sótt er um leyfi til að breyta skrifstofurými í verslunarrými á lóð nr. 1A við Skútuvog.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
48. Skútuvogur 7 - USK23050236 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020131 með því að stækka vöruhús og gera breytingar á innra fyrirkomulagi auk útihurða og stiga í Skútuvogi 7 og 9.  
Stækkun: 438,4 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 17.192,5 ferm., 147.718,7 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Snorrabraut 62A - USK23120087 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN061054 því er sótt um að breyta aftöðumynd og fjölda bílastæða á lóð nr. 62A við Snorrabraut Erindi fylgir mæliblað (lóðaruppdráttur) dags. 5.7.2021, Hæðarblað Dags. 11.2020 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
50. Sæmundargata 15 - USK23100280 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058493 v/lokaúttektar þannig að tæknirými í kjallara, 0001, er stækkað, bílastæðum fækkað um 8, komið fyrir nýjum lyftustokki og nýrri lagnaleið ásamt því að gerðar eru minni háttar breytingar á innra skipulagi og brunavörnum á öðrum hæðum í mhl. 02 á lóð nr. 15 við Sæmundargötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg dags. 24. október 2023..  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
51. Sæmundargata 15 - USK23100279 Sótt er um leyfi til að breyta BN059639 v/lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt á 3. og 4. hæð, m.a. gerð ný opnun yfir í mhl. 02, innréttuð rannsóknarstofa í fundarherbergi og gangi á 3. hæð, fyrirkomulagi fundarherbergja og gangs er breytt á 4. hæð og bílastæðabókhald sem er sameiginlegt með mhl. 02, breytist í mhl. 01 á lóð nr. 15 við Sæmundargötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg dags. 24. október 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
52. Síðumúli 32 - USK23100274 Sótt er um leyfi til þess að gera skyggni yfir inngang á norðurhlið, stækka svalir á suðurhlið og sameina notkunareiningar 0201 og 0202 til að stækka húsnæði dagvistunar aldraðra, fyrir alls 70 skjólstæðinga og 14 starfmenn í rými 0201 í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 32 við Síðumúla.  
Erindi fylgir ódagsett samþykki eiganda fasteignar F2015564 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 23. janúar og 5. júní 2018.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
53. Sólvallagata 41 - USK23100182 Sótt er um leyfi til þess að sameina í eina íbúð, íbúð 0201 og íbúð 0301 með því að gera að séreign stigahús á milli 2. og 3. hæðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 41 við Sólvallagötu. Jafnframt eru stærðir leiðréttar með gerð nýrrar skráningartöflu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 10. október 2023 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa

54. Tómasarhagi 27 - USK23020095 Sótt er um leyfi til að hækka mænishæð og bæta við tveimur kvistum á fjöleignahús á lóð nr. 27 við Tómasarhaga. Erindi fylgir samþykki í afriti fundargerðar húsfélags, dags. 27. nóvember 2022. Erindið var grenndarkynnt 29. september 2023 til og með 27. október 2023. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigríður Hrafnkelsdóttir og Lothar Pöpperl, dags. 27. október 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023 fylgir erindi.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
55. Úlfarsfell II - USK23110174 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030071 þannig að eldri byggingar verða teknar niður og endurbyggðar, bætt við anddyri á vesturhlíð og kjallari dýpkaður í húsi Úlfarsfelli II.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags, 4. október 2023 og ástandsskýrsla dags. 1. september 2023.  
tækkun: 15,4 ferm.  
Eftir stækkun: 353,9 ferm., 1.364,5 rúmm.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
56. Vegmúli 2 - USK23120179 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi 2. hæð á lóð nr 2 við Vegmúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

#### Ýmis mál:

57. Bjarkargata 6 - USK23120207 Fyrirspurn  
Spurt er hvort leyfi fengist til að breyta bílageymslu í íbúðarhúsnæði í húsi nr. 6 við Bjarkargötu.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
58. Bólstaðarhlíð 5 - USK23110151 Spurt er hvort gera megi hlið í skjólvegg á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð.. USK23110151  
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
59. Esjumelar: Járnslettta 2, 4 og 4A 34.543.2 - Bronsslétta 4A 34.543.3 -  
Norðurgrafarvegur 10A 34.544.4 - USK23100241  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

#### Fundi slitið kl. 13:55

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson